



Reykjavík, 4. júlí 2019

R19070026

6631

bp

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Jöfurbás 11 - Gufunes - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 4. júlí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 3. júlí 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 3. júlí 2019 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Gufunes vegna lóðarinnar nr. 11 við Jöfurbás, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístafllokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að kynna uppbyggingu hagkvæmra íbúða. Til að tryggja að íbúðir séu hagkvæmar fyrir þá sem koma til með að búa þar, þarf að félagsvæða húsnæðisstefnu borgarinnar í mun ríkari mæli en hefur verið gert. Þeir sem eru í mestri þörf fyrir íbúðarhúsnæði hafa þurft að bíða til lengdar eftir öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði. Í þessari deiliskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir íbúðum í stærðarviðmiðum frá 30-70 fermetrar, þar sem minnstu íbúðirnar eru 30-35 fermetrar. Þó að margir hafi verið að kalla eftir litlum íbúðum þá er samt mikilvægt að ekki sé mikið tekið af stærð íbúða og þar með gæðum þeirra til að íbúðir uppfylli skilyrði um hagkvæmt húsnæði. Íbúðir eru ekki endilega hagkvæmar þó að þær séu litlar og henta ekki endilega öllum sem eru að leita að íbúð á viðráðanlegu verði.

Helga Björk Laxdal

e.u.